

vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför
að lögum.

Mánudaginn hinn 9. nóvembermán.

Nr. 7/1903:

Samson Eyólfsson

gegn

Hannesi Hafstein.

D ó m u r:

Ádaláfrýjandinn Samson Eyólfsson á Ísafirði höfðaði mál þetta í héraði gegn gagnáfrýjandanum Hannesi Hafstein, bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir ýms ummæli í bréfi, sem Hafstein ritaði amtmanninum yfir Vesturamtinu hinn 5. febr. 1900, en Samson taldi meiðandi fyrir sig. Málið var dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 31. desembermán. f. ár, með þeim úrslitum, að nokkur af hinum á-
töldu ummælum voru dæmd dauð og ómerk, að Hannes Hafstein var dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara til þess, að sæta 6 daga einföldu fangelsi, og loks til þess að greiða 30 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Samson Eyólfsson skotið til yfirréttarins með stefnu út-
gefinni 26. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að öll ummæli þau, sem hann hefir átalið, verði dæmd dauð og ómerk, að hin ídæmda hegning verði hækkuð og að stefndi (gagnáfrýjandi) verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skað-
lausu, eða með nægilegri upphæð að mati réttar-

ins. — Hinn stefndi bæjarfógeti Hannes Hafstein hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. apríl þ. á. og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum Samsonar Eyólfssonar, og að Samson verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Aðaláfrýjandi hefir heimtað gagnsökinni frávísað fyrir þá sök, að gagnáfrýjunarstefnan hafi verið birt fyrir honum í Reykjavík, þar er hann þá dvaldi, og eigi á heimili hans, Ísafirði, og að honum hafi eigi verið veittur lögskipaður stefnufrestur eftir heimilisfangi hans. Í áteiknun sinni á stefnuna hafa stefnuvottarnir vottað það, að þeir hafi birt hana fyrir kaupmanni Samsoni Eyólfsyni persónulega í húsinu nr. 7 við Grjótagötu, »hvar hann tók birtinguna gilda«. Að vísu hefir áfrýjandi eigi viljað kannast við að þetta vottorð stefnuvottanna væri rétt, en vefenging hans á vottorði hinna eiðsvörnu stefnuvotta verður þó eigi tekin til greina, enda virðist hann í málsútlitun sinni eigi hafa neitt verulegt á móti því, að stefnan var birt honum í Reykjavík, og hefir aðaláfrýjandi um þetta efni þau ummæli, að honum virðist ekki full sanngirnisástæða til að nota það sem vörn, en finnur aðallega að því, að hann fekk ekki lengri stefnufrest. En hafi stefnubirtingin farið löglega fram í Reykjavík, sem álíta verður, þá bar honum eigi frekari stefnufrestur en sá, sem miðast við Reykjavík. Gagnsökinni verður fyrir því eigi frávísað eftir kröfu aðaláfrýjanda.

Því hefir verið hreyft af hálfu gagnáfrýjanda, að sök sú, er aðaláfrýjandi hefir höfðað á hendur honum, hafi verið fyrnd, þá er stefnan var gefin út í héraði 11. septbr. f. á. Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir á talið, eru skráð í bréfi gagnáfrýjanda til amtmannsins í Vesturamtinu 5. febr. 1900; þó virðast þau ekki hafa verið kunn aðaláfrýjanda fyrir en 22. okt. s. á., er hann fékk eftirrit af nefndu bréfi gagnáfrýjanda. 15. janúar 1901 kærði aðaláfrýjandi málið fyrir sáttanefnd, en réttarstefna var ekki gefin út í málinu fyrir en 11. sept 1902. Þar sem nú réttarstefna í málinu ekki hefir verið gefin út fyrir en hátt á annað ár eftir að aðaláfrýjanda voru orðin kunn þau ummæli, sem hann átelur, er hegning sú, sem gagnáfrýjandi kynni að hafa til unnið, burtu fallin fyrir fyrningu samkvæmt 67. og 68. gr. alm. hegningarlaga, og verður því, þar sem hegningin samkvæmt nefndum lagagreinum er fallin niður, að svo miklu leyti að sýkna gagnáfrýjanda af kær- um og kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefir gjört að sakarefni, eru þessu: »Það sést væntanlega af þessum skjölum, að kærur Samsonar eru bersýnilega rangar í ýmsum greinum, að það er login sakargift af hans hálfu, að eg hafi gefið yður ranga skýrslu, og að hann hefir falsað vottorð það, er hann sendi ráðgjafanum, og stolið nöfnum þeirra Skúla Einarssonar og Alberts Jónssonar undir þá yfirlýsingu«; haun »virðist hafa breytt

hyggilega í því, að hafa sig héðan á burt, þar sem hann með kærum sínum og vottorðatílúnaði sýnist hafa komið vel nærri 227., 228. og 272. grein hinna almennu hegningarlaga«; »það bætir ekki úr skák fyrir honum, þótt annar maður hafi eggjað hann fram og verið hjálparmaður hans í óyndistiltektum þessum«.

Gagnáfrýjandi telur sig eiga að vera ábyrgðarlausan fyrir ummæli þessi af þeim ástæðum, að þau séu komin fram í heimtaðri embættisskýrslu, að þau séu skýrsla eða tilkynning í embættisnafni um glæpsamlegt athæfi aðaláfrýjanda, að þau séu réttmæt »retorsion«, er réttlætist við vansæmandi áburð aðaláfrýjanda á sig í bréfi til ráðgjafans, og að þau séu sumpart á rökum bygð, og sumpart ekki ærumeiðandi. Þó að ummælin séu í umsagnarbréfi, sem amtmaður heimtaði af gagnáfrýjanda, þá fara þau þó langt út fyrir aðalefni hinnar umkröfðu skýrslu, og var gagnáfrýjanda innan handar að gefa amtinu fullnægjandi svar, þótt ummælum þessum öllum hefði slept verið. Þá er bréfið eftir efni sínu eigi embættisleg tilkynning um glæpi, framda af aðaláfrýjanda, gefin í því skyni, að sakamál yrði höfðað gegn honum. Ekkert orð bréfsins bendir í þá átt, enda hafði gagnáfrýjandi sjálfur ákæru-valdið í höndum sér á Ísafirði, og þurfti eigi að snúa sér til amtmanns í því efni. — Eigi verður það heldur álitid, að ummæli aðaláfrýjanda í bréfi hans til ráðgjafans heimili hin átöldu ummæli gagnáfrýjanda sem

réttmæta »retorsion«, en ummæli áfrýjanda þau, er hér geta komið til álita, eru þessi: »en hann (lögreglustjórinn 3: gagnáfrýjandi) hummaði því fram af sér með vífilengum og útúrsnúningum«; »en hann neitaði því, og vildi yfir höfuð ekkert liðsinna mér til þess, að eg næði rétti mínum, og virti eg honum það til vorkunnar, þar sem hann ef ekki beinlínis, þá þó óbeinlínis var valdur að tjóni því, sem eg hafði orðið iyrir«; og »er það augljóst, að þessi úrskurður amtsins er bygður á rangri umsögn lögreglustjórans«. Orð þessi, sem tekin eru upp í kærnu aðaláfrýjanda yfir yfirvaldi sínu (gagnáfrýjanda), stilaðri til yfirdoðara hans, eru hvorki efnislega né formlega svo löguð, að þau heimili gagnáfrýjanda að ærumeiða aðaláfrýjanda. Það verður því að rannsaka það hvort nokkur ærumeiðing felst í hinum átöldu ummælum gagnáfrýjanda um aðaláfrýjanda í bréfinu til amtsins 5. febr. 1900.

Þar sem gagnáfrýjandi þá fyrst segir, að það muni sjást af þessum skjölum, að kærur aðaláfrýjanda sé bersýnilega rangar í ýmsum greinum, þá þarf ekki í þessu að felast nein ærumeiðandi aðdróttun, enda er það í málinu sannað, að öll atriði í kærnunum eru eigi allskostar rétt hermd; þó þetta sé því nokkuð freklega orðað, verður eigi álitid að tilefni sé til að ómerkja þau orð. Þar sem gagnáfrýjandi þá segir, að það sé login sakargift af hálfu aðaláfrýjanda, að hann hafi gefið amtinu ranga skýrslu, þá ber þess að gæta, að í orðum aðaláfrýjanda, þeim er hér er miðid til,

liggur ekki neitt annað en það, að umsögn gagnáfrýjanda hafi verið röng — og það þóttist hann sanna — en þetta heimilar alls ekki að bera honum á brýn að hann hafi borið fram »logna sakargift«, það er: vísvitandi gefið gagnáfrýjanda logna sök. Þessi orð eru ærumeiðandi og verður að dæma þau dauð og ómerk. — Þá koma til álita ummælin, að hann (aðaláfrýjandi) hafi falsað vottorð það, er hann sendi ráðgjafanum, og stolið nöfnum þeirra Skúla Einarssonar og Alberts Jónssonar undir þá yfirlýsingu o. s. frv.; þetta lýtur að því, að aðaláfrýjandi hafði sent ráðgjafnum vottorð, er hann sjálfur tjáði vera eftirrit af vottorði, er væri í vörzlum amtsins, og hafði hann getið þessa á eftirritinu, en af því að hann skrifaði það eftir minni, eftir því sem hann hefir skýrt frá, þá varð það eigi nákvæmlega samhljóða frumritinu; skekkjan er þessi, að í frumritinu stóð: »að hús og innbú hafi skemst«, en í eftirritinu: »að vörur, hús og innbú hafi verið meira og minna skemt«. Þessi atvik réttlæta það með engu móti, að gagnáfrýjandi ber þá sök á aðaláfrýjanda, að hann hafi falsað vottorð og stolið nöfnum, því að ósamræmið millt vottorðanna virðist stafa af minnisleysi aðaláfrýjanda eða ógáti hans, enda er það fremur lítilvægt, og þar sem þessi ummæli eru eigi á annan hátt réttlætt, þá verður að ómerkja þau, eins og héraðsdómarinn hefir gjört. — Þar sem gagnáfrýjandi ennfremur segir, »að aðaláfrýjandi virðist hafa breytt hyggilega í því, að

hafa sig héðan burt, þar sem hann með kærum sínum og vottorðatilbúnaði sýnist hafa komið vel nærri 227., 228. og 272. gr. hinna almennu hegningarlaga«, þá felst í orðum þessum augljós aðdróttun um hegningarvert athæfi af hálfu aðaláfrýjanda; þar á móti eru þau eftir framsetningu sinni ekki kæra til æðra yfirvalds yfir atferli aðaláfrýjanda. — Með því að þessi aðdróttun hefir eigi verið réttlætt eða nægilega rökstudd af hálfu gagnáfrýjanda, því að ekkert er með rökum framkomið um það í málinu, að aðaláfrýjandi hafi gjörst brotlegur gegn hinum áminstu hegningarlaga greinum, þá verður að dæma þessa málsgrein ómerkta, þar eð hún þykir vera mjög meidandi fyrir aðaláfrýjanda. — Þar sem aðaláfrýjandi loks hefir á talið þessa klausu í bréfinu: »Það bætir ekki úr skák fyrir honum, þótt annar maður hafi eggjað hann fram og verið hjálparmaður hans í óyndistiltektum þessum«, þá verður eigi álitid, að í þessum orðum felist nein saknæm ærumeiðing eða móðgun. —

Samkvæmt því, er hér er sagt, verður að dæma dauð og ómerk orð þau og klausur í bréfi gagnáfrýjanda frá 5. febr. 1900, sem tilgreind eru hér á undan.

Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meidyrði og móðgunaryrði skulu vera dauð og ómerk. Að öðru leyti á

gagnáfrýjandi að vera sýkn af kærnum og kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn hinn 14. desembermánaðar.

Nr. 28/1903:

Margrét Zoëga

gegn

Marenu Lárusdóttur.

D ó m u r:

Hinn 21. des. 1901 fekk áfrýjandi máls þessa, frú Margrét Zoëga, útmæling byggingarnefndarinnar í Reykjavík fyrir lenging á íbúðarhúsi sínu, nr. 17 í Vesturgötu í Reykjavík, til austurs, og skyldi viðbyggingin ná $8\frac{3}{4}$ alin til austurs með götunni að norðan, en $6\frac{3}{4}$ alin að sunnan. Stefnda, ekkjufrú Maren Lárusdóttur, eigandi næsta húss fyrir austan, nr. 15 í Vesturgötu, taldi viðbyggingu þessa koma inn á sína lóð, og þegar áfrýjandinn tók til að byggja, samkvæmt hinni fengnu útmælingu, þá lét stefnda 18. júní f. á. lýsa fótetabanni fyrir áfrýjanda, þar sem áfrýjanda var bannað að halda áfram byggingunni, að því leyti sem bygt væri austur fyrir línunni á rennu milli húsanna nr. 15 og nr. 17 í nyrðri enda á grjóttgarði sunnan við geymsluhús áfrýjanda, og svo beint fram að götustéttinni, en sú lína taldist vera c. 6 álnir fyrir vestan hús stefndu. Stefnda höfðaði síðan mál þetta fyrir bæjarþingsrétti